

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 13. nóvember 2019

Tilvísun: 201910075 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna ljósleiðara um Djúpavogshrepp

Djúpavogshreppur hefur, með erindi dags. 22. október 2019, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 12. október 2019, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Samþykkt var í sveitarstjórn 17. október 2019 að kynna lýsinguna.

Viðfangsefni

Breytt lega ljósleiðara um Djúpavogshrepp, þ.e. um Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð. Fram kemur að nú þegar liggur ljósleiðari frá sveitarfélagamörkum við fyrrum Breiðdalshrepp í norðri, eftir Berufjarðarströnd að Hamraborg þar sem sjölögn mun taka við yfir Berufjörð. Landtak sunnan Berufjarðar verður nokkru utan við Framnes og þaðan inn að tengivirki (Rarik) í landi Teigarhorns. Heildarlengd ljósleiðara á þessari leið er 16,67 km, þar af 2,2 km í landi Teigarhorns og 3,7 km í sjó. Frá tengivirkinu liggur nú þegar ljósleiðari um Hálsa og yfir í Hamarsfjörð og mun fyrirhugaður ljósleiðari tengjast honum þar nokkuð utan við Stekkjarhjáleigu. Þaðan mun hann liggja með ströndinni fyrir fjarðarbotninn og út með henni að sunnan fyrir Melrakkanes og þaðan yfir í Álftafjörð, fyrir hann og upp Starmýrardal og yfir Lónsheiði að mörkum sveitarfélagsins Hornafjarðar. Heildarlengd þessa hluta ljósleiðarans er 34,2 km. Fram kemur í lýsingu að framkvæmdinni verði skipt í 3 áfanga og ljósleiðarinn verði að mestu plægður niður en þó gæti komið til fleygunar. Lagning ljósleiðara innan fólkvangs í Teigarhorni hefur verið tilkynnt Skipulagsstofnun til ákvörðunar um matsskyldu.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum. Stofnunin bendir á eftirfarandi atriði sem gera þarf nánari grein fyrir við mótun tillögu og umhverfismat hennar.

Tengsl við aðrar áætlanir

Í skipulagstillögunni þarf að gera grein fyrir hvaða áhrif tengdar áætlanir hafa á skipulagsgerðina, m.a. hvernig stefna aðalskipulagsbreytingarinnar og útfærsla hennar tekur mið af lögum um náttúruvernd, vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögum um menningarminjar, samanber einnig tilgreind viðmið í kafla 6.1.4 í lýsingunni.

Umhverfismat

Í 6. kafla kemur fram að viðmið verði m.a. tekin úr nokkrum íslenskum lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Stofnunin bendir á að listi yfir lög og stefnuskjöl eru ekki umhverfisviðmið í sjálfu sér en efnisleg viðmið er að finna í einstökum markmiðum eða tilteknum lagagreinum. Í umhverfismati tillögunnar þarf að vera skýrt hvaða umhverfisviðmið eru lögð til grundvallar

matinu og þá fer best á því að tengja þau við einstaka umhverfisþætti sem eru taldir líklegir til að verða fyrir áhrifum. Það sama á við um umhverfisvísa sem er ætlað að lýsa umhverfisþáttum og breytingu á þeim (áhrifum) og því á við að tengja þá við einstaka umhverfisþætti.

Kynning og samráð

Í tillögu þarf að gera grein fyrir því samráði sem átt hefur sér stað á vinnslutíma, hvaða umsagnir hafa borist og hvernig við þeim var brugðist. Auk þeirra umsagnaraðila sem eru tilgreindir í 7. kafla er bent á að óska umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna gróðurfars á lagnaleiðinni.

Afgreiðsla lýsingarinnar

Í gögnum kemur ekki fram hvenær lýsingin var tekin til afgreiðslu í skipulagsnefnd. Samkvæmt heimasíðu Djúpavogshrepps virðist ekki hafa verið haldinn fundur í skipulags-, framkvæmda- og umhverfismálanefnd síðan 2. maí 2019.

Skipulagsstofnun minnir á ákvæði greinar 2.3 í skipulagsreglugerð um verksvið skipulagsnefnda, sem fara með framkvæmd skipulagsmála undir stjórn sveitarstjórnar og skulu nefndirnar fjalla um mál og leggja fram tillögu til afgreiðslu í sveitarstjórn.


Guðrún Halla Gunnarsdóttir